

RE: Athugasemd við breytingu á deiliskipulagi

Til : Haraldur Birgir Haraldsson
Frá : Guðmundur Harðarsson <gummih2@simnet.is>
Heiti : RE: Athugasemd við breytingu á deiliskipulagi
Málsnúmer : 1710041
Málsaðili : Biokraft ehf.
Skráð dags : 02.01.2018 09:56:30
Höfundur : Guðmundur Harðarsson <gummih2@simnet.is>
Viðhengi image001.pngimage001.png

Sæll Birgir

Spurning hvort þú sért ekki með of gamla útgáfu af Word því ég prófaði að senda á annan Og þar var ekki vandamál að opna,en sendi textann afritaðan svo þú ættir að sjá þetta núna.

Kv Guðmundur

Undirritaður(Guðmundur Harðarson) mótmælir fyrirhuguðum breytingum á deiliskipulagi fyrir vindrafstöðvar í Þykkvabæ.

Ég er eigandi að jörðinni Smáratúni sem er í einungis 250 metra fjarlægð frá syðri vindrafstöðinni Og tel ég frekari stækkun á þessum rafstöðvum þrengja mjög að mínum framtíðarmöguleikum varðandi byggingu húsnæðis á jörðinni.Þessar vindrafstöðvar eru nú þegar of stórar og alltof nálægt og af þeim stafar talsvert ónæði m.a. í formi hávaða,skuggaflökts og ljótleika og ekki hefur ásýndin batnað við að hafa þessar brunarústir uppistandandi síðasta hálfu árið og lýsir það ekki mikilli umhverfisvitund eiganda að ekki sé búið að fjarlægja þetta fyrir löngu og gefur kannske vísbendingu um hvers vænta meg í framtíðinni.Það var skilningur flestra íbúa þegar þessar vindrafstöðvar voru reistar að um væri að ræða tilraunaverkefni sem væri að fullu afturkræft ef íbúar hefðu af þessu ama.Ljóst er að þessar vindrafstöðvar eru alltof nálægt byggðinni og ætti frekar að rífa þær niður heldur en leyfa á þeim stækkun sem væntanlega þýddi að þarna yrðu þær áfram til langrar framtíðar.Í kafla 4.3 er því haldið fram að ekki fáist lengur samskonar rafstöðvar en samt tók það undirritaðan ekki nema 2 mínútur að finna yfir 60 slíkar til sölu með hjálp Google.Í ljósi þess að á reitnum er einungis leyfilegt að hafa uppsett afl að hámarki 2 MW þá væri kannske ekki úr vegi að eigandi skýrði það nánar hversvegna þörf er á 66 metra þvermáli mótors (spaða)því s.m.k.v mínum heimildum eru vindrafstöðvar með 66 metra þvermáli spaða ekki framleiddar minni en 1,5 MW sem þýðir að 2 slíkar eru þá samtals 3 MW og þá er framkvæmdin orðin matskyld.

Þykkvabæ 28 desember 2017 Guðmundur Harðarson

From: Haraldur Birgir Haraldsson [mailto:birgir@ry.is]
Sent: þriðjudagur, 2. janúar 2018 08:14
To: Guðmundur Harðarsson
Subject: RE: Athugasemd við breytingu á deiliskipulagi

[Sæll Guðmundur](#)

Myndirðu vilja senda mér skjalið aftur. Það er eins og það sé eitthvað gallað og ég get ekki opnað það.

Með kveðju,

Har. Birgir Haraldsson

Skipulags- og byggingarfulltrúi



Rangárbíing ytra

Suðurlandsvegi 1-3
850 Hella
Sími 488-7000

From: Guðmundur Harðarsson [mailto:gummih2@simnet.is]
Sent: 28. desember 2017 22:43
To: Haraldur Birgir Haraldsson <birgir@ry.is>
Subject: Athugasemd við breytingu á deiliskipulagi

Kveðja Guðmundur